fólk í fréttum




Ljósmyndasýningin LJÓS '73 verður opin á Kjarvalsstöðum fram til 13. nóv. Þar sýna sex ungir menn um 120 ljósmyndir.

Gestur sýningarinnar er Gunnar Hannesson og sýnir hann 6 litmyndaflokka allt að 16 fermetra sýningartjaldi og ganga sýningarvélarnar stanslaust. Björn Björnsson, leikmyndateiknari, sá um „sviðssetningu" sýningarinnar.

Á myndinni eru; frá vinstri: Skúli Magnússon, Karl Jeppesen, Gunnar S. Guðmundsson, Pjetur Þ. Maack, Jón Ólafsson og sitjandi eru Kjartan B. Kristjánsson og Gunnar Hannesson. Aldrei fyrr hefur á Íslandi verið boðið upp á litmyndasýningu eins og sýningu Gunnars á Kjarvalsstöðum.





Hænurnar handlangaðar í húsaskjól

ÞAÐ var heilmikið fjaðrafok, á meðan verið var að handlanga hænsnin út úr einu útihúsanna á Blikastöðum á dögunum en mikið lá við, því að í hlöðunni logaði eldur í heyi og hænsnunum varð að bjarga frá köfnun í reyknum. Það tókst, og síðan voru börnin á bænum að flytja hænurnar í önnur húsakynni til að veita þeim skjól fyrir vetrakuldanum. Ljósmyndari Mbl., Ól. K. Mag., tók þessar myndir af börnunum, þar sem þau voru að bera hænsnin á milli húsa.

★ ★ ★

BRETAR REYKJA TRÉ

Brezkt fyrirtæki mun á næsta ári setja á markað í tilraunaskyni vindlinga, sem gerðir verða úr tóbaks- og trjámauksblöndu, helmingur af hvoru. Vindlingarnir fá heitið Planet og verða einungis seldir í borginni Coventry. Viðtökurnar þar munu ráða mestu um framtíð þessarar vindlingagerðar. Í byrjun verða þeir jafndýrir og aðrir vindlingar, en framleiðendurnir vonast til þess, ef vindlingarnir ná vinsældum, að ríkið liggi minni skatt á þessa teg und en hinar, þar sem hún sé ekki eins heilsuspillandi og þær.

Colin Standing frá London fylgdist vel með leigubílstjóranum, sem fyrstur ók honum eftir komuna til New York, og Colin var að ferðinni prýðilega ánægður með aksturinn, bílstjórann og ökugjaldið.

Colin vissi vel sjálfur, hvað leigubílaakstur var. Hann hafði unnið New York-ferðina í keppni meira en 2.000 leigubílstjóra í London um sæmdarheitið Leigubílstjóri ársins.

Keppnin náði bæði til þekkingar bílstjóranna á götum London, lögum og reglum og til hæfni þeirra í akstri um erfiðar slóðir.

Colin sagði eftir leigubílsferðina í New York, að bílstjórinn hefði tekið skakka beygju á einum stað, af því að þeir hefðu verið að tala svo mikið saman, en í stað þess að krefjast fulls gjalds fyrir aksturinn, með aukakrónum inniföldum, slökkti bílstjórinn bara á ökugjaldsmælinum. „Það hefði ég líka gert," sagði Colin, „en ekki hefðu allir gert það."

Colin taldi, eftir því sem hann hafði séð, að leigubílstjórar í New York væru ósköp svipaðir þeim í London. Konan hans var hins vegar ekki alveg á sama máli. Henni þótti klæðnaður þeirra í New York harla einkennilegur. „Þeir eru eins og hippar," sagði hún.

★ ★ ★

BENSÍNSPARNAÐUR


FREGNIR FRÁ Líbanon herma, að stjórnvöld hafi sett reglur um bensínsparnað. Er hann í því fóginn, að aðeins má aka einkabílum annan hvern dag. Bílar með númer, sem enda á oddatölu, mega vera í umferðinni á mánaðardögum með oddatölu. Bílar með númer, sem enda á jafnri tölu, mega vera í akstri þá mánaðardaga, sem hafa jafna tölu. Þær fjölskyldur, sem eiga tvo bíla, annan með oddatölu, *hinn með jafnri tölu, geta nú* unað glaðar við sitt. Hins vegar er enn óleyst vandamál, hvað gera skuli, þegar oddatöludagar eru tveir í röð, t.d. 31. okt. og 1. nóv.!



Heilsaði 1946 — kvaddi 1973

ÞEGAR Sjálfstæðishúsið var opnað sem skemmtistaður árið 1946, var það hljómsveit undir stjórn Aage Lorange, sem lék fyrir dansi. 27 árum síðar, þegar Sigtún, eins og Sjálfstæðishúsið hefur verið kallað hin síðari ár, var með eina af sínum síðustu skemmtunum, áður en annar eigandi tók við því, sá Aage Lorange líka um hljómlistina. Hann lék létta tónlist undir borðhaldi Rússagildis háskólastúdenta 31. október sl. Ljósmyndari Mbl., Ól. K. Mag., tók þá þessa mynd af þeim Sigmari Péturssyni, veitingamanni, sem nú er hættur rekstri Sigtúns og bíður eftir að tilbúinn verði nýi skemmtistaðurinn við Suðurlandsbraut, og Aage Lorange, píanóleikara.


ást er . . .



. . . að kyssa hann, þegar hann á ekki von á því

TM Reg. U.S. Pat. Off.—All rights reserved © 1972 by Los Angeles Times

HÆTTA A NÆSTA LEITI — Eftir John Saunders og Alan McWilliams



Segðu mér kæri „Rock", hvernig fellur þessi leikdella saman við námið? Það er erfitt Dan, ég verð að vera í kvikmyndaverinu alla eftirmiðdaga til að æfa mig. (2. mynd) Og ég þvæ diska á hverju kvöldi til að fá peninga. Ég er dauðþreyttur. (3. mynd) Svo ef þú vildir lána mér fimm hundruð dollara þá býst ég við, að ég gæti . . . NEI. Stórt N, stórt E, stórt I. NEI.